

Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata í velferðarráði

Meirihlutinn í velferðarráði óskar eftir upplýsingum um hvers vegna úrræði fyrir heimilislausa karlmenn í miðborginni hefur ekki enn hafið starfsemi. Einnig er óskað eftir upplýsingum um kostnað Velferðarsviðs vegna leigu á húsnæðinu við Skeggjagötu fram til þessa dags.

Greinargerð

Velferðarráð samþykkti að vísa tillögu um stofnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn í miðborginni 2. nóvember 2022 til fjárhagsáætlunar. Í dag 17. apríl 2024, 532 dögum síðar, liggur fyrir velferðarráði viðbótartillaga vegna reksturs úrræðisins. Úrræðið hefur þó ekki enn verið opnað og ekki liggur fyrir hvenær það muni hefja starfsemi sína. Meirihlutinn í velferðarráði óskar því eftir upplýsingum um hvers vegna úrræðið hefur ekki enn hafið starfsemi. Á fundi velferðarráðs 21. desember 2022 var þá samþykkt svohljóðandi tillaga: „[...] Velferðarráð ítrekar að velferðarsviði var falið að fjármagna stofnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn í miðborginni samanber fundargerð frá fundi velferðarráðs miðvikudaginn 2. nóvember. Tillaga þess efnis skal lögð fram á fundi ráðsins 11. janúar.” Ekki var lögð fram tillaga 11. janúar í samræmi við þessa tillögu. Það var hins vegar gert á fundi velferðarráðs 1. febrúar 2023, en þá var samþykkt breytingartillaga velferðarráðs við tillögu sviðsstjóra um fjármögnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn.